



Borgarráð

***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ástand Fossvogsskóla og heilsu skólabarna - Tilvísun í mál R20020201.***

Á fundi borgarráðs 20. febrúar 2020 var svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins lögð fram:

*"Flokkur fólksins óskar eftir að spyrja um stöðu húsnæðismála í Fossvogsskóla. Þar kom aftur upp leki í nóvember þar sem yngstu börnin eru og aftur eru komin upp alvarleg veikindi. Börn eru ítrekað að veikjast og ekki næst samband við Heilbrigðiseftirlitið til að gera alvöru mælingar. Er þetta komið út í það að borgin axli ekki lengur ábyrgð og að foreldrar og foreldrafélag verði að taka málið í eigin hendur, kaupa mælingar sjálf. Foreldrar eru ekki tilbúnir að fórna heilsu barna sinna degi lengur á meðan borgarmeirihlutinn stingur hausnum í sandinn og lætur sem ekkert sé. Að minnsta kosti 7 börn sýna einkenni nú og einhverjir af foreldrum og kennurum. Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur áhyggjur af ástandinu þarna og hvað skóla- og frístundaráð og Heilbrigðiseftirlitið er lengi að taka við sér og lætur eins og vandinn sé jafnvel bara léttvægur? Þetta er í það minnsta upplifun borgarfulltrúa Flokks fólksins."*

Svör umhverfis- og skipulagssviðs:

Búið er að koma í veg fyrir lekann í þakglugganum með bráðabirgðaviðgerð. Settur verður nýr þakgluggi í maí/júní 2020.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur tekið út húsnæði Fossvogsskóla eins og skylt er skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr.7/1988. Úttektirnar voru framkvæmdar dagana 12.02.2020 og aftur 21.02.2020. Allar athugasemdir hafa verið lagaðar.

Nú er Heilbrigðiseftirlitið að framkvæmda loftgæðamælingar í skólanum.

Þegar loftgæðamælingum er lokið, framkvæmdir Heilbrigðiseftirlitið heildarúttekt á húsnæði Fossvogsskóla.

Agnar Guðlaugsson,  
deildarstjóri byggingadeildar skrifstofu framkvæmda og viðhalds

